

FORHÖNNUN • ROFABÆR & BÆJARBRAUT

BORGARGÖTUR



JÚNÍ 2021
REYKJAVÍK

INNIHALD

INNGANGUR

ÁRBÆR 4
+ *YFIRLYSING* 5
+ *YFIRLITSMYND* 6

Innlit í sögu staðarins og tengingar
+ Leiðarljós hönnuða í verkinu
+ 1. hluti sem hluti af stærri heild

YFIRLIT/ INNSÝN

AÐDRÁTTARAFL & MANNLÍF 7
+ *FLÆÐI & SVÆÐI* 8

Virgni torgsins í daglegu lífi
+ Hvaðan kemurðu, hvert ferðu

LISTAVERK

LIST Í ALMANNARÝMI 9, 11
+ *NÆR & FJÆR* 10
+ *FYRSTIR & SIÐASTIR* 12

Innblástur listamanns
+ Mögulegar útfærslur listaverka



INNIHALD



GÖTUMYNDIN

13-14 *UMFERÐ & GÖTURÝMI*
15-16 *+ GATNA- & STÍGAHÖNNUN*

Stærðir og valdar útfærslur
+ Planteikning, langsnið og kennisnið

HÍÐ GRÆNA

17 *GRÓÐUR*
18-19 *+ BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR*

Gróðurplan & tillögur að gróðurvali
Gegndræpi & afvötnunarmöguleikar

VISTLEIKI

20-21 *LJÓSVIST*
22-23 *+ HLJÓÐVIST*

Stemningsgefandi lýsing
+ Núverandi hljóðstig & mögulegar úrbætur

LAGNIR

24 *LAGNIR Í DAG*

Núverandi lagnir & gatnahönnun

ÁRBÆR

Þessi fyrsti hluti verkefnisins borgargata í Árbæ felur í sér breytingu hluta Rofabæjar og Bæjarbrautar í borgargötu sem og að mynda torg sem upphaf að hverfismiðju sem bæjarbúar vilja sækja og dvelja á sökum staðaranda hennar. Aðrir hlutar verkefnisins eru að halda áfram með borgargötuna eftir Rofabæ til vesturs að Hraunbæ og austurs að Fylkisvegi sem og að mynda áframhaldandi torg suður fyrir Rofabæ að Árseli og Árbæjarkirkju og þannig skapa hverfismiðju þar sem halda megi jólamarkað, 17. júní skemmtun, bændamarkað og hverfishátíðir hvers konar sem og að gefa kirkjunni almennilegt og fagurt kirkjutorg.

Borgargatan og hið nýja torg liggja við eina helstu útivistaperlu borgarinnar, Elliðaárdalinn. Dalurinn einkennist af einstöku umhverfi, fjölbreyttu landslagi og gróðurfari. Einkennist hverfið sjálft þar að auki af mikilli nánd við náttúruna og íþróttaiðkun eins og kemur fram á borginokkar.is.

Sterk tenging verður á milli götunnar, torgsins og dalsins í heildarmynd svæðisins. Sjónás er myndaður frá norðri til suðurs niður að á og er leitast við að teygja gróður frá suðri inn á svæðið. Þá er sjónum beint að kirkjunni þegar ekið er frá norðri til suðurs með breyttri aksturstefnu að gatnamótum Bæjarbrautar og Rofabæjar.

Kirkjan var reist á 9. áratug seinustu aldar en fyrir framan hana er klukknaport og það sem kallað er kirkjutorg. Sólarljósið hefur ráðið mestu um form kirkjunnar og er útsýnið fagurt úr henni yfir Elliðaárdalinn. Form hennar er einfalt og sterkt og efnin látin njóta sín.

Yfirborðsefni á hinu nýja torgi og í borgargötunni verða einnig einföld, fögur og sterk. Þau hafa sterka tengingu við umhverfi sitt en taka hið nýja torg og götu upp á næsta plan. Þá er sérstök áhersla á að mynda almennilegt torg fyrir framan kirkjuna sem tekur vel á móti og heldur utan um kirkjugesti jafnt á gleði- sem sorgarstundum. Tenging er svo mynduð þaðan yfir til Ársels þar sem rými verður fyrir leik og dvöl vegfarenda og skólabarna. Að lokum tengist svæðið sunnan Rofabæjar því norðan megin með samfelldu yfirborðsefni að dvalarsvæði fyrir þá sem m.a. nýta vistvæna ferðamáta, njóta þjónustu verslunarkjarnans og sækja grenndargáma.

Saga hverfisins nær aftur til ársins 1200 og á Árbær sér djúpar rætur. Eftir Rofabænum lá gamla þjóðleiðin inn í borgina og þykir það skemmtilegt leiðarljós við endurhönnun götunnar. Skírskotun í söguna er í efnisvali sem innblásið er af hinu gamla en útfært á móðernískan hátt. Íbúar hafa kallað eftir eflingu borgarkjarnans en hinu nýja torgi er ætlað að styrkja hverfismiðjuna við Ársel, kirkjuna og verslunarkjarnann sitt hvoru megin við Rofabæ.

efling borgarkjarna



SÍÐA FJÖGUR | BORGARGATA

YFIRLÝSING

Við frum- og forhönnun var lögð áhersla á að skapa heilsueflandi umhverfi sem hvetti til hreyfingar og félagslegrar samvistar íbúa og gesta. Horft var til fjölbreyttra þarfa mismunandi hópa með sérstaka áherslu á börn og ungmenni. Við hönnun var stuðlað að aðgengi fyrir alla og vistvænir ferðamátar settir í forgang.


Leitast var við að skapa eftirsóttarverðan stað fyrir fólk að heimsækja og dvelja á. Finna sérkenni svæðisins og efla staðaranda. Þá var gert ráð fyrir list í almenningssýmum sem hluta af því auðga umhverfið, leik og líf.

Í verkhönnun skal áfram leitast við að uppfylla sömu gildi og hér koma fram sem og þau sem fram koma í hverfisSKIPULAGI.

YFIRLITSMYND

HEILDARVERKJÓ
SÉST MEÐ HVÍTU

VERKMÖRK
1. ÁFANGA
VERKHÖNNUNAR



ÚTG. DAGS:	ÚTGAUFERI LL	HANNAÐ TÖKN. YRRI



VERKJÓMUR	2200-963	HNNAÐ: EP Des 20
VERKJÓMUR		TEKNAÐ: EDJ Des 20
DAGS:	11.12.2020	YRFAÐ: MELT: HH
MÆLI MARGI:	1:1500	SMÞ:
BÚÐSTÆÐ	A1	

Borgargata Árbæ	TEKNAÐA NÚMÉR
Forhönnun 1. hluti	B101
Afstöðumynd	ÚTGAFA

AÐDRÁTTARAFL & MANNLÍF

Markmiðið er að skapa **almenningsrými** sem búa yfir aðdráttarafli og eru í senn skjólsæl, aðlaðandi og hönnuð út frá algildri hönnun. Torgið og gatan eiga að mynda eina stóra heild og tvinna saman ólík svæði norðan og sunnan Rofabæjar, frá verslunum í norðri til kirkjunnar í suðri.

Vegleg **almenningsvagnstöð** verður við torgið og í tengslum við hana viðverusvæði uppbyggt með steiptum tröppum sem eru í senn gróðurbeð og sæti. Gestir snúa þá til suðurs og í skjóli frá norðanáttinni. Tækifæri er fyrir innsetningu listar í almannarými og/ eða annarra götugagna með ígildi leiks á þessu svæði.

Upphækkuð **gróðurbeð** með innbyggðum bekkjum og lýsingu eru notuð til þess að skapa vistleg og aðlaðandi almenningsrými. Hellulögn skal markvisst notuð til þess að brjóta upp stóra fleti og spinna saman torgsvæði og götur. Lagt er til að **snjóbræðsla** verði sett á torgsvæðið fyrir betra aðgengi. Til að bæta **hljóðvist** við Rofabæ er hægt að setja hljóðvegg við lóðarmörk.

Setbekkir skulu vera með reglulegu millibili eftir götunni til að auðvelda öllum aldurshópum að ferðast um svæðið. Bekkir eru ýmist sem hluti af gróðurbeðum, sem list í almannarými eða hefðbundnir bekkir. **Stampar** undir úrgang skulu settir reglulega eftir götunni og á torginu. **Grenndarstöðvar** í formi djúpgáma verða staðsettar á torgi norðan Rofabæjar ásamt fleiri gámum sem þykja viðeigandi en eru almennt ekki neðanjarðar.

Hjólaaðgengi er bætt eftir borgargötunni með nýjum hjólastígum. Fyrirhugað er að setja drykkjarfont, setsvæði, hjólastæði, pumpu og jafnvel fleiri hjólatengd atriði sem ýta undir að mynda áfangastað fyrir hjólreiðafólk sunnan Rofabæjar. Norðan Rofabæjar verða hjólastæði og jafnvel aðstaða til að hlaða örflæðisfararmáta.

Aðkoma að **bílastæðum** kirkjunnar verður færð til vesturs þegar farið verður í gerð torgsins sunnan Rofabæjar og með því myndast betri tenging milli hins nýja torgsvæðis og núverandi torgs við Árbæjarskóla. Bílastæði í borgarlandi norðan Rofabæjar eru fjarlægð og í stað þeirra verður nú torg fyrir almenning að njóta. Þar myndast tækifæri fyrir rekstur að teygja sig út á torgið og lagt verður upp úr því að mynda skjól fyrir vindi úr norðri og skapa sólríkt viðverusvæði.



Efnisval á mynd er leiðbeinandi og stemningsgefandi, ekki fastsett hvað varðar liti eða mynstur

**staður til að mæla sér
mót**

FLÆÐI & SVÆÐI



Yfirborðsefni

Yfirborðið í heild sinni er einsleitt en aukinn fjölbreytileiki á yfirborðsefnum einkennir leiðina milli verslunarmiðsvöðvar og kirkju með aukinni litasamsetningu hella, grágrýtisböndum og öðru yfirborði sem brýtur upp svæðið. Þetta á einnig við um önnur svæði sem skulu einnig brotin upp með náttúrusteini og helluböndum. Til dæmis til að afmarka hjólastæði, set- og viðverusvæði eftir gönguleiðinni meðfram götunni, svæði kringum list í almannarými, og umhverfis gróðurbeð svo fátt eitt sé nefnt. Upphækkuð svæði eru hellulögð og hellur notaðar í hraðalækkandi hlykkjum akstursleiða. Þá eru akreinar og hjólastígar malbikaðir.

Gangandi vegfarendur

Gönguás frá norðurhluta svæðisins, suður að Árseli og kirkju, þ.e kirkjuleiðin hefur verið styrkt. Hluti þeirrar leiðar er innan þessa verkhluta en hluti er utan. Gönguleiðir eftir borgargötunni eru misbreiðar og tvinnast skemmtilega saman með fjölbreyttum gróðri og misháum gróðurbeðum sem umlykja vegfarendur. Er þetta gert til að lífga upp á upplifun vegfarenda eftir langri, beinni götunni.

Göngupveranir, gangbrautir og upphækkuð svæði eru vel staðsett þar sem mestur fjöldi gangandi vegfarenda ferðast yfir götuna milli hverfishlutanna norðan og sunnan Rofabæjar sem og vestur og austur yfir Bæjarbrautina.

Örflæðisferðamátar

Nýir malbikaðir hjólastígar verða lagðir eftir borgargötunni. Þeir eru næst akbraut en lega þeirra hlykkist smávægilega í takt við hlykki akbrauta. Skemmtilegt verður að hjóla í lifandi umhverfi og upplifunin fjölbreytt eftir götunni og yfir torgsvæðið.









Vélknúin umferð

Rofabær og Bæjarbraut eru lykilgötur í hverfinu sem tengja íbúa við ýmiskonar þjónustu. Borgarlínuleið er fyrirhuguð eftir Rofabæ og strætóleið eftir báðum götunum. Núverandi strætóstöðvar á Rofabæ sitt hvoru megin við Bæjarbraut sameinast í eina veglega stöð við frístundamiðstöð, skóla, verslunarrými og hverfismiðjuna.

Yfirborð akbrauta er hækkað upp við nokkur gatnamót með hellulögðu svæði. Með því er leitast við að stýra umferðarhraða og bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Akstursleið hefur einnig verið lögð með hlykkjum til að halda niðri hraða og yfirborðsefni valin þannig að þægilegt sé að aka eftir miðju akreina en yst á þeim séu grófari hellur sem einnig stuðla að lægri hraða. Kantsteinar eru forsteyptir til að ýta undir miðbæjarbrag og hæð þeirra 6 cm yfir malbikshæð og 2 cm yfir upphækkuðum flötum.

***vegfarendur staldra við,
líta upp og upplifa***

LIST Í ALMANNAÞÝMI



NÆR OG FJÆR er listaverk sem byggir á nokkrum textum um afstæði fjarlægða og tengsl við umhverfið.

Textarnir eru þessir:

ÞAÐ SEM ER NÆRRI - ÞAÐ SEM ER NÆR -
ÞAÐ SEM ER NÆST & ÞAÐ SEM ER FJARRI -
ÞAÐ SEM ER FJÆR - ÞAÐ SEM ER FJÆRST.







Setningunum tengjast hugtök og óræðir staðir, s.s. sjóndeildarhringurinn, tíminn, flóðið og fjaran, fegurðin, hafið og aldirnar, svo eitthvað sé nefnt.

Verkin eru myndarlegir sethnallar eða áningarstaðir sem settir eru á eða við gönguleiðir og stoppistöðvar borgarlínu við Rofabæ.

Verkið er á hugmyndastigi og bæði textar þess og formgerð geta tekið breytingum vegna staðsetningar og endanlegrar hönnunar umhverfisins.

***afstæði
fjarlægða &
tengsl við
umhverfið***

NÆR OG FJÆR



Hnallarnir eru byggðir upp á sex geometrískum formum sem hvert og eitt er sneitt niður í fjóra parta.


Formin eru hringur, sporaskja, þríhyrningur, ferningur, ferhyrningur og fimmhyrningur.

Hnallarnir eru úr grásteini og bronsi, nálægt fermetra að stærð og í góðri sethæð.

hugtök & óræðir staðir

LIST Í ALMANNARÝMI

FYRSTIR OG SÍÐASTIR



Þetta verk er hugsað sem inngangshlið á gönguleið milli Árbæjartorgs, Árbæjarkirkju og borgarlínustöðvar við Rofabæ.

Verkið gæti tekið breytingum vegna ýmissa áhrifapátta í umhverfinu, en það gæti ekki síður haft áhrif á endanlega útfærslu nánasta umhverfis.

Í verkinu er texti sem er tilbrigði við setningu í Matteusarguðspjalli, en henni breytt lítillega í þágu verksins. (Matt 20.1-16)


HINIR SÍÐUSTU VERÐA FYRSTIR

HINIR FYRSTU VERÐA SÍÐASTIR

***inngangshlið á
gönguleið***



FYRSTIR & SÍÐASTIR



Verkið er úr grásteini og bronsi. Það er að stærstum hluta fellt í yfirborð gangstéttar/ torgs.

Stærð verksins á teikningunum er ca. 5000x600x600mm. Verkið hefur ekki verið kostnaðarmetið.

***verkið er fellt í
yfirborðið***

Júní 2021

Kristinn R. Hoefman

UMFERÐ & GÖTURÝMI



Gangstéttir og hjólastígar

Aðgengi er bætt á göngu- og hjólaleiðum við hönnun borgargatnanna og torganna. Gangandi og hjólandi skulu þvera innkeyrslur í hæð. Leiðarlínur og aðvörunarfletir skulu settir þar sem við á samkvæmt reglum þar um. Götugögn eru utan við gönguleiðir. Yfirborðsefni skulu vera vönduð og falleg en á sama tíma hentug með tilliti til aðgengis fyrir alla.

Milli hjólastígs og gangstéttar er 2 cm hæðarmismunur, útfærður með umferðarkantstein. Hjólastæði verða nyrst á torgi í tengslum við almenningsvagnastöð og verslunarrými. Einnig verða hjólabogar á völdum stöðum eftir borgargötunni og fráleggsrými fyrir rafskútur. Lagt er til að kanna hvort setja megi upp hleðslustöðvar fyrir rafhjól eða aðra örflæðisfararmáta.

Almenningsvagnastöðvar

Núverandi strætóstöðvar við Rofabæ, sitt hvoru megin við Bæjarbraut, verða sameinaðar í eina veglega almenningsvagnastöð við skólann, félagsmiðstöðina og verslunarmiðstöðina.


Strætóstöðvar við Rofabæ eru áætlaðar 26 m að lengd og í útfærslu borgarlínustöðva með 30 cm háum kantstein. Fyrir framan og aftan brautarpall er rampi niður að göngupverun með halla 1:20. Göngupveranir eru fyrirhugaðar í malbikshæð og kantsteinn lækkaður niður í 2 cm hæð með niðurtækt. Strætóstöð við Bæjarbraut er áætluð 12 m að lengd og skal hún útfærð í samræmi við leiðbeiningar Strætó.

Aðgengi skal vera fyrir alla á og við almenningsvagnastöðvar og viðeigandi leiðarlínur lagðar eftir leiðbeiningum, bæði á borgarlínu- og strætóstöðvum. Einnig skulu þær lagðar við gatnamót eftir leiðbeiningum.

Fyrirhugað er að nota þau skýli, bekki, ruslastampa, hjólastæði og önnur götugögn sem valin hafa verið af Borgarlínu á almenningsvagnastöðinni við Árbæjarskóla þar sem gert er ráð fyrir að hún verði seinna meir borgarlínustöð. Og í samræmi við val Strætó á almenningsvagnastöðinni við Rofabæ. Líklegt þykir að fyrst um sinn verði borgarlínustöðvarnar útfærðar með götugögnum sem almennt eru notuð fyrir strætóstöðvar.

***ein heild með aðgengi
allra***

UMFERÐ & GÖTURÝMI



Gangbrautir og merkingar

Lagt er til að gangbrautir skuli merktar með steinlögnum frekar en málaðar, sama hvort um ræðir á upphækkuðum svæðum eða í malbikshæð. Gangbrautir yfir hjólaleiðir skulu málaðar eftir reglum þar um. Hjólaleiðir skulu merktar með viðeigandi hjólamerkingum samkvæmt leiðbeiningum þar um. Miðlína verður máluð á Bæjarbraut.

Akreinar





Leyfilegur hámarkshraði borgargatnanna verður 30 km/klst. Hraðalækkandi aðgerðir eru á um 75 m fresti til að viðhalda lágum hraða. Kúnt er að útfæra hraðatakmarkandi aðgerðir fyrir fólksbíla sem einnig henta Borgarlínuvögnum. Fyrirhugað er að notast við upphækkuð, hellulögð svæði þar sem þau nýtast best gangandi vegfarendum. Upphækkuð svæði verða a.m.k. í lengd Borgarlínuvagna, 26 m, til að auka þægindi ökumanna og farþega. Upphækkuð svæði skulu hellulögð með 10x20x8 cm steinum, lögðum í fiskibeinamynstur.








Akreinar verða samsettar úr malbikuðu yfirborði og hellulögn. Í miðlínu götunnar er 0,5 m breið, kúpt lína og ystu 0,25 m eru einnig hellulagðir en í sama plani og malbik. Slíkt gefur ökumönnum upplifun af þröngri götu en almenningsvagnar komast engu að síður leiðar sinnar.

Akreinar verða í hlykkjum eftir Rofabæ, milli upphækkuðu svæðanna, til að draga úr hraða ökumanna og beina athygli þeirra að umhverfi sínu. Útfærslan er hönnuð í samræmi við danskar hönnunarreglur þar sem blandað er saman þeim stærðum sem henta til hraðalækkunar fólksbíla og þeirra sem hleypa í gegn stærri vögnum. Þá er hellulagt svæði þar sem munurinn milli þessara tveggja stærða liggur.

Innkeyrslur skulu útfærðar þannig að gangandi og hjólandi vegfarendur þveri í hæð og hæðarmismunur tekinn upp sem lækkaður kantsteinn að hluta og rampi að hluta. Sjá dæmi um útfærslu á skjáskoti. Innkeyrslur sem útfærðar skulu með þessu móti hafa verið merktar á planteikningu án þess að eiginleg útfærsla hafi verið teiknuð inn.

***hraðalækkandi
aðgerðir ljúflega***





Borgargata Árbæ Forhönnun 1. hluti	Bæjarbraut Grunnmynd og snið
--	---------------------------------

TEIKNINGA NÚMÉR	Bæjarbraut
UTGAFA	

GRÓÐUR

Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilegan fjölbreytileika. Í nýrri hönnun hefur gróður á svæðinu verið aukinn til muna miðað við aðstæður í dag og skal því haldið. Er það gert til að stuðla að minni loftmengun, binda jarðveg, tempra vind, auka skjól, bæta hljóðvist og hreinsa yfirborðsvatn svo fátt eitt sé nefnt um kosti þess að hafa gróður í umhverfi sínu.

Gróður og gróðurval spilar stóran þátt í hönnun og hefur marktæk áhrif á upplifun gatnanna og torgsins. Áhersla er lögð á fallegan gróður með fjölbreytta eiginleika og ásýnd. Samspil lauffellandi og sígræns gróðurs, fallegra haustlita og mismunandi áferðar myndar hlýlegan karakter og ýtir undir jákvæða upplifun vegfarenda.

hlýleiki gróðursins umlykur vegfarendur og grænn dalurinn tengist torgi og götum



Þessi yfirlitsmynd sýnir tillögu að gróðurvali sem hugsað er að yfirfæra megi á restina af götunni

BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR

Gegndræpi svæðisins er aukið með vali á hellulögn og grasstein í stað malbiks í dag og mögulegt er að afvatna út í beð á svæðinu.

Jafnvel er hægt að nýta tækifæri til að leyfa vatni að renna eftir yfirborði í rás á hluta svæðis og skapa lifandi umhverfi sem kallar eftir "interaksjón" eða leik gangandi vegfarenda.

Grassteinn skal notaður undir hjólastæði nyrst á torgi. Hvergi er gert ráð fyrir grasi.

Þar sem valið er að afvatna út í beð skulu þau byggð upp með drenerandi efni í lögum eins og blágræn ofanvatnsbeð eru lögð.

Lagt er til að setja rör eða álíka undir hjólastíg svo mögulegt sé að leyfa vatni að renna undir hann og út í beð. Ekki má þó skerða gæði yfirborðs hjólastíga.

Landhalli er til suðurs í átt að Elliðaám og er vatnið hefur trikklað ofan í jörðu berst það eftir jarðlögum í átt að ánum.



Þessi yfirlitsmynd sýnir tillögu að yfirborðsvali sem hugsað er að yfirfæra megi á restina af götunni




***fagurt og
stílhreint
yfirborðið
hleypir lífi
gegnum sig***

NÚVERANDI AÐSTÆÐUR:

Í dag fer allt ofanvatn af svæðinu milli lóðamarka norðan og sunnan götu í niðurföll sem staðsett eru í norðurkantí núverandi akbrautar. Fjöldi niðurfalla á þessu svæði er um 50 talsins og er að jafnaði um 15-20m á milli þeirra.

MÖGULEIKAR Á BLÁGRÆNUM OFANVATNSLAUSNUM:

Hugmyndin er að á milli nyrðri götukants og gangstéttar verði grænt svæði með grasi og öðrum gróðri, þar sem komið verður fyrir ofanvatnsrás, sem vatn af götunni er leitt inn á. Þar getur vatnið síast niður í gegnum jarðveginn og niður að klöpp eða öðrum þéttum botni og runnið svo eftir honum að næsta viðtaka. Ákveðin hreinsun fer þá fram í rásinni. Í rásinni er líka komið fyrir með eðlilegu millibili yfirföllum með kúlurist og er hæð þeirra stillt af þannig að það fari að renna inn í þau áður en flæðir upp úr rásinni. Þau taka einnig við vatni þegar aðstæður eru þannig að yfirborðið er ekki gegndræpt t.d. þegar jörð er frosin.



SÍÐA NÍTJÁN | BORGARGATA

-HNITAKERFI: REYKJAVÍKURKERFI
-HÆÐARKERFI: REYKJAVÍK



1:1500

ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA
ÚTGAFA	ÚTGAFA	ÚTGAFA



VERKNUMUR 2200-963	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21
VERKNUMUR	HAHAHA JSD EDJ YFIRFALL MALT SAMH	JUNI '21 JUNI '21 JUNI '21

Borgargata Árbæ Forhönnun 1. hluti	TEKNIKA HÖNNUN Blágrænar
Blágrænar ofanvatnslausnir	ÚTGAFA

LJÓSVIST Á GÖTUM & TORGI



Lýsing svæðisins skal vera stefnumiðuð og lágstemmd. Hún skal vera leiðbeinandi og skapa vellíðan fyrir þá sem eiga leið um torgið sem og tryggja öryggi vegfarenda að næturlagi.


Lýsing beinist fyrst og fremst að göngu- og hjólaleiðum, þar á eftir akstursleiðum og bílastæðum. Hún er einnig notuð til að vekja athygli á áhugaverðum stöðum torgsins, til dæmis verða listaverk á svæðinu lýst upp til að draga fram sérkenni og auka dýpt og upplifun verka.

Mismunandi staurar og lampar geta orðið fyrir valinu fyrir borgargötu annars vegar og torg hins vegar. Ýmis tækifæri eru í lýsingarhönnun til að skapa stemningu og þá sérstaklega á torgsvæðinu. Á núverandi, nýlega uppgerðu torgi við Árbæjarskóla eru Louis Poulsen Albertslund lampar. Til að samræma og styrkja tengingu á milli núverandi torgs og þess nýja er lagt til að þeir verði einnig fyrir valinu á nýja torginu sem er utan þessa verkefnis. Pollar verða staðsettir í gróðurbeðum með fram kirkjuleiðinni og skapa þar sterkan ás upp að kirkjunni. Fyrir götuna er lagt til að velja stólpa og lampa er mynda gott samspil með staurum torgsins. Bekkir og setþrep á svæðinu sem og birkitrjáröð sem liggur þvert á torg skal hafa upplýsingu. Mikilvægt er að lýsing á svæðinu sé ekki ofaukið og hún haldist lágstemmd.

Ljósbúnaður skal valinn svo ekki verði hætt á að vegfarendur blindist af lýsingunni, að hún valdi glýju eða óþarfa ljósmengun. Við hönnun hefur og skal áfram vera fylgt leiðbeiningum hverfisskipulagsins um ljósvist. Litarhitastig verður 2700K á torgi til að fá hlýja stemningu og vistvæna miðnæturdimmingu og verður 3000K á götu.



***þægilegt lýsingarstig
veitir öryggi og gefur
upplýstum stöðum
sjarma***

- Lýsing verði almennt í P2 flokki
- Miðnæturdimming H 1-6
- Litarhitastig 3000K á götu, 2700K á torgi
- Afskermun G4
- Glyja D4-D6
- Viðhaldsstuðull MF=0,9
- Lýsing á listaverk, skiltavegg og gróður
- Lýsing undir bekkjum, pöllum og skjólveggjum
- Lýsing og fast rafmagn í almenning svagnastöðvum
- Möguleiki á jöla lýsingu
- Hæð stólpa almennt 6,3m v. götu
- Annar hver stólpi er smartstólpi við götu og valdir stólpar á torgi



HLJÓÐVIST Í DAG


Hljóðstig
 L_{Aeq} dB
í 2m hæð



HLJÓÐVIST VIÐ BREYTTAR AÐSTÆÐUR

Hljóðstig
 L_{Aeq} dB
í 2 m hæð

50 <		<= 55
55 <		<= 60
60 <		<= 65
65 <		<= 70
70 <		<= 75
75 <		



LAGNIR Í DAG

SKÝRINGAR:

- Fræveita
- Vatnsveita
- Hitaveita
- Veitur - háspenna
- Veitur - lágsþenna
- Laginir Milu

Fráveita	—
Vatnsveita	—
Hitaveita	—
Veitur - háspenna	—
Veitur - lágspenna	—
Lagnir Mílu	—
Lagnir GR	—
Verkmörk heildarverks	- - - - -
Verkmörk 1. hluta	- - - - -
Lóðamörk	- - - - -

-HNITAKERFI: REYKJAVÍKURKERFI
-HÆÐARKERFI: REYKJAVÍK

0 30 60 90 120 150

M 1:1500 m

[illegible]

VERKJÖMUR 2200-963	HMHAÐ: JSI TÖKNAD: EDJ YFIRFARÐ: EP MELT: HH SAMP:	Juni 21 Juni 21 Juni 21	Borgargata Árbæ Forhönnun 1. hluti	TÖKNINGA NÖMUR T7
DAGS: 18.06.2021	MELTIVARÐI: 1:1500	BLAÐSTERO A1	Núverandi lagirnir	ÚTGÁFA



VEGFARENDUR, SAMSKIPTI, MANNLÍF.

BORGARGATA ÁRÞÆ